

Fimmtudaginn 16. febrúar 1989.

Nr. 136/1988. **Svava Kristinsdóttir**

(Jóhann Þórðarson hdl.)

gegn

Mariú Thors

Þórhalli Óskarssyni og

Samvinnutryggingum g.t.

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmt að greiða 36.000,00 krónur auk vaxta frá 14. apríl 1987, svo sem nánar greinir í héraðsdómi. Ennfremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, svo og söluskatts af málskostnaði.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi byggir áfrýjandi kröfur sínar ekki á 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, heldur einungis 68. gr. þeirra.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu 32.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefndu 32.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. maí 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 15. apríl sl., var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Svövu Margréti Kristinsdóttur, kennit. 060363-4049,

Bugðulæk 6, Reykjavík, gegn Maríu Thors, kennit. 040559-7879, Langholti vegi 55, Reykjavík, Þórhalli Óskarssyni, nnr. 9613-1232, Lindarflöt 3, Garðabæ, og Samvinnuþryggingum g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík, með stefnu birtri 11. desember 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 36.000,00 með 30% ársvöxtum frá 14. apríl 1987 til 1. júní s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi þar til málið verður dómtekið, en síðan með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um það að áfallnir dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól með sama vaxtafæti og að framan greinir. Stefnandi krefst þess og að stefndu verði dæmd til að greiða henni málskostnað in solidum samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, svo og lögboðinn söluskatt á lögfræðipjónustu.

Dómkröfur stefndu eru þær að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda í málinu og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómara. Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að þriðjudaginn 10. mars 1987 hafi hún lagt bifreið sinni R-59528, sem sé Subaru fólksbifreið, á afmarkað bifreiðastæði fyrir framan húsið nr. 1 við Þingholtsstræti hér í borg. Þegar hún hafi setið um stund í bifreiðinni hafi hún litið út en ekki séð til umferðar bifreiða í baksýnispeglinum. Þá hafi hún opnað hurð bifreiðarinnar og aðeins verið búin að opna sem svaraði þykkt hurðarinnar þegar bifreiðin G-10901 hafi komið á nokkurri ferð norður Þingholtsstræti og lent á kantinum á hurð bifreiðar sinnar með þeim afleiðingum að hurðin hafi kúlst fram á hurðarstafinn og setið þar föst þannig að ekki hafi verið hægt að opna hurðina. Hafi hurð, stafur og bretti vinstra megin á bifreiðinni stórskemmst.

Stefnandi kveður stefndu Maríu Thors hafa verið ökumann bifreiðarinnar G-10901 í umrætt sinn, skráðan eiganda vera stefnda Þórhall Óskarsson og bifreiðina tryggða lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá hinu stefnda váttryggingarfélagi, Samvinnuþryggingum g.t.

Stefnandi kveður breidd Þingholtsstrætis, þar sem áreksturinn hafi orðið, vera 5,01 m milli gangstéttarbrúna; þar af sé hið afmarkaða bifreiðastæði

2,32 m og akbrautin því 2,69 m. Skv. skoðunarvottorði sé bifreiðin R-59528 1,55 m á breidd.

Stefnandi kveður ekki vera ágreining með aðilum málsins um að tjónið sem orðið hafi á bifreið hennar í umrætt sinn sé kr. 22.000,000. Ágreiningur sé hins vegar varðandi lengd viðgerðartímans en krafa sé gerð um bætur vegna afnotamissis, kr. 14.000,00, en það svari því að viðgerðin hafi staðið í 10 daga.

Ástæður málsóknar þessarar kveður stefnandi vera þær að alfarið hafi verið neitað um greiðslu bóta af hálfu stefndu. Krafan sé byggð á því að stefndi, ökumaður G-10901, hafi með gáleysislegum akstri ekið á bifreiðina R-59528 þar sem hún hafi staðið á afmörkuðu bifreiðastæði og að nægjanlegt rými hafi verið á akbrautinni án þess að ekið væri inn á stæðið til þess að komast þarna framhjá.

Ljóst sé einnig miðað við þær skemmdir sem orðið hafi á R-59528 að ökumaður G-10901 hafi ekið yfir línu þá sem afmarki umrætt bifreiðastæði, þar sem hurðin á R-59528 hafi ýst fram þannig að hún hafi fest við hurðarstafinn. Hurðin opnist ekki en það hefði hún örugglega gert ef hún hefði verið meira opin en legið að stöfum.

Varðandi lagarök skírskotar stefnandi einkum til 67. gr. umfl. nr. 40 frá 1968, 1. og 3. mgr. 69. gr. sömu laga, 1. og 4. mgr. 70. gr. sömu laga og 2. mgr. 74. gr. sömu laga.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar úr hennar hendi að mati dómara.

Stefndu mótmæla lýsingu stefnanda á því sem gerðist, enda sé hún í senn langsótt og ósennileg.

Stefndu kveða málavexti vera þá að um tíuleytið að morgni þriðjudagsins 10. mars 1987 hafi stefnandi verið stödd í bifreið sinni R-59528 í Þingholtsstræti. Hafi bifreiðin verið þar í stæði á móts við hús nr. 1. Stefnandi hafi opnað vinstri framdyr bifreiðar sinnar um leið og bifreiðinni G-10901 hafi verið ekið framhjá og hafi hurðin lent í hægri hlið G-10901. Hafi báðar bifreiðarnar skemmst nokkuð við þetta.

Stefndu kveða sýknukröfuna byggjast á því að stefnandi hafi ein valdið umræddu tjónsatviki og ein átt sök á því með því að opna dyr bifreiðar sinnar út á akbraut án þess að beina áður athygli sinni nægilega að umferð um akbrautina að baki sér. Það sé augljóst að hefði stefnandi rækt þessa brýnu varúðarskyldu með fullnægjandi hætti hefði hún séð til ferða R-59528 í tæka tíð, en bifreiðin hljóti að hafa verið örskammt undan er hún opnaði dyrnar og hana hefði þá ekki hent að reka hurð bifreiðar sinnar í hlið G-10901.

Stefndu leggja áherslu á að stefnandi hafi haft það alveg á valdi sínu hvort umræddur atburður gerðist eða ekki. Því hafi hins vegar verið ófugt

farið með ökumann G-10901. Hann hafi ekki átt að þurfa að gera ráð fyrir svo hættulegu tiltæki úr bifreið í stæði meðfram akbrautinni og ekki heldur geta varast það.

Þá er því harðlega mótmælt af stefndu að G-10901 hafi verið ekið óeðlilega nálægt bifreið stefnanda, en hafa verði þó í huga að akbrautin sé mjó vegna bílastæða meðfram henni að austanverðu. Þá er því sérstaklega mótmælt að G-10901 hafi verið ekið inn á stöðureitinn þar sem bifreið stefnanda stóð.

Stefndu leggja ennfremur áherslu á að eins og atvikum hafi verið háttáð hljóti að hvíla á stefnanda sönnunarbyrði um það að orsök tjóns hennar hafi verið með þeim hætti sem lögmaður hennar vilji vera láta.

Stefndu kveða það m.a. hafa ráðið viðhorfi Samvinnutrygginga til bóta-ábyrgðar að skemmdir á hurð R-59528 þóttu gefa ótvírátt til kynna að hurðin hefði spennst alveg aftur eða með öðrum orðum að dyrnar hefðu galopnast. Megi sjá merki þessa á ljósmyndum sem teknar voru og liggja frammi í málinu.

Stefndu mótmæla því að bótaregla 1. mgr. 67. gr. umfl. eigi hér við. Það hljóti að reyna á 68. gr. laganna. Það hljóti að jafnast til bifreiðarárekstrar er hurð kyrrstæðrar bifreiðar í stæði við akbraut er rekin utan í bifreið sem framhjá er ekið. Ætti 1. mgr. 67. gr. við, hlyti niðurstaða að verða sú sama með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr.

Að lokum mótmæla stefndu vaxtakröfu stefnanda að því leyti sem hún sé ólögmat.

III.

Ágreiningur er með aðilum um það hvort umrætt óhapp heyri undir hina hlutlægu ábyrgðarreglu 67. gr. umfl. nr. 40 frá 1968 eða sakarreglu 68. gr. sömu laga.

Þar sem umrætt óhapp varð með þeim hætti að stefnandi opnaði dyr bifreiðar sinnar, R-59528, með þeim afleiðingum að dyrnar lentu í dyrum bifreiðarinnar G-10901, verður að telja hér um að ræða bifreiðarárekstur í skilningi 68. gr. umfl. og kemur því 67. gr. sömu laga ekki til álita í þessu sambandi.

Fallast má á það með stefndu að á stefnanda hvíldi rík varúðarskylda þegar hún opnaði dyr bifreiðar sinnar í umrætt sinn. Henni bar skv. varúðarreglum umfl. nr. 40 frá 1968, sbr. og 8. mgr. 51. gr. þeirra laga, að gæta þess vandlega að hún ylli ekki hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina. Verður því að telja stefnanda bera sönnunarbyrðina fyrir því að ökumaður bifreiðarinnar G-10901 hafi með gáleysislegum akstri eða á annan hátt átt sök á umræddum árekstri. Það er ósannað, að bifreiðinni G-10901 hafi verið ekið óeðlilega nálægt bifreið stefnanda miðað við að-

stæður og einnig að henni hafi verið ekið inn á hið afmarkaða bifreiðastæði. Þá hefur ekki verið sýnt fram á nein þau atvik önnur í akstri bifreiðarinnar G-10901, sem leiði til sakar stefndu.

Með hliðsjón af ofanrituðu verður að telja að stefnandi verði sjálf að bera tjón sitt sem af árekstrinum varð. Samkvæmt því ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt að hver aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, María Thors, Þórhallur Óskarsson og Samvinnuþryggingar g.t., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Svövu Kristinsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1989.

Nr. 389/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Páli Rúnari Elissyni

(Örn Clausen hrl.)

Umferðarlög. Ökuleyfissvipting. Ölvun. Nytjastuldur. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. nóvember 1988 að ósk ákærða. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Héraðsdómur var kveðinn upp 24. ágúst 1984, en vegna fjarveru ákærða frá landinu ekki birtur fyrr en 21. október 1988. Dæmt er um þrjár ákærur, frá 25. mars 1983, 9. maí 1983 og 7. mars 1984.